

Foreldrafélags fundur Leikskólans Lyngholts

11.11.2024

Fundur haldinn á leikslólanum kl 17:30

Formaður: Elísabet Ólöf Þórðardóttir

Gjaldkeri: Gerður Rún Rúnarsdóttir

Ritari: Helena Rán Stefánsdóttir

- Rætt var um jólatrésskemmtun, ósk um 1. Des sem var samþykkt.
- Umræða um hvort eigi að selja kakó á skemmtuninni. ÁKváðum að hafa kakó frítt.
- Elísabet ætlar ræða við Harald hjá Fjarðabyggð um dagsetninguna 1 des fyrir jólatrésskemmtun.
- Foreldrafélag grunnskólans að redda bollum hjá olís.
- Foreldrafélag grunnskólans að tala við Kidda Þór á eskafirði í sambandi við hljóðkerfi og bíl fyrir hljóðkerfið.
- Gerður talar við Ásgeir hjá Lostæti með að gefa kakó og lána bíl undir kakóið.
- Foreldrafélag grunnskólans ræða við Karítas, Aron, og Benjamín um að skemmta.
- Lísá Lotta fær leikskólakórinn til að syngja 1-2 lög.
- Helena athugar með bíl hjá Eimskip fyrir skemmtikraftana.
- Helena talar við Ársól um að vera jólasveinar, og mögulega fá bílana vera á svæðinu.
- Skattaskýrsla kláruð fyrir nýja stjórn.
- Jólagjafir til leikskóla barna rætt. Komust að niðurstöðu um að gefa tannbursta (tala við Jón Hafliða) og mandarínur. Gefið á jólaskemmtun Leikskólans. Viljum frekar gefa Leikskólanum góða gjöf á bókasafnið (10 bækur fyrir yngstu deildir og 6 bækur fyrir eldri), ekki komin niðurstaða með hvaða bækur á að kaupa.
- Tilkynning send út til foreldra með jólagjafirnar.
- Ósk um lagabreytingu, aðalfundur verður að vera á tímabilinu 1.sept-1.des hvert ár, fá auka 2 meðstjórnendur inn.
- Gerður talaði um vinnudag foreldra, fá foreldra til að hjálpa til á Leikskólalóðinni, en gæti verið vesen með vinnu- og heilbrigðiseftirlit, þurfa að vera vottuð leiktæki á lóðinni.
- Lísá Lotta sagði okkur að leiktækin á lóðinni væru mörg hver orðin mjög léleg og margar undirstöður mjög lélegar. Þarf að laga öll tækin ekki bara eitt í einu.
- Gerður og Helena ræddu um að tala við Hjalta og Magnús með snjómokstur. Ræddum að tala við Jón Grétar hjá Fjarðabyggð að auglýsa að fá verktaka í snjómokstur.
- Fundi slitið kl 18:32